

Dalvíkurbyggð
Umhverfis- eða náttúruverndarnefnd
Ráðhúsi Dalvíkur
620 Dalvík

Dalvíkurbyggð
Mótt.: 21. 12. 2018
Málsnr.: 2018120
Lykill: 1105

Reykjavík 14. desember 2018
UST201810-214/Ý.G.
08.22.00

Efni: Óskað er eftir að sveitarfélagið Dalvíkurbyggð tilnefni fulltrúa umhverfis- eða náttúruverndarnefndar í vatnasvæðanefnd í samræmi við lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála

Mikilvægt er að tryggja verndun vatnsauðlindarinnar til framtíðar og með lögum um stjórn vatnamála er rammatilskipun Evrópusambandsins um verndun vatns innleidd í íslenskan rétt. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgaða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Sveitarfélög gegna veigamiklu hlutverki við innleiðingu vatnastjórnunar. Íslandi hefur verið skipt upp í fjölgun vatnasvæði sbr. meðfylgjandi kort, og á hverju vatnasvæði skal starfrækja eina vatnasvæðanefnd. Í vatnasvæðisnefnd eiga sæti fulltrúar sveitarfélaga, heilbrigðisnefnda og náttúruverndar- eða umhverfisnefnda á svæði nefndarinnar, fulltrúar ráðgjafanefndar fagstofnana og eftirlitsaðila og ráðgjafarnefndar hagsmunaaðila. Fulltrúi Umhverfisstofnunar er formaður nefndarinnar og boðar til fundar a.m.k einu sinni á ári. Hlutverk nefndanna er fyrst og fremst að vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar og veita upplýsingar vegna gerðar vöktunaráætlunar, aðgerðaráætlunar og vatnaáætlunar. Vatnasvæðanefnd skal einnig vera rannsóknastofnunum til ráðgjafar vegna verkefna sem þeim eru falin í samningum við Umhverfisstofnun um málefni sem snerta viðkomandi vatnasvæði. Heimilt er að stofna stýrihóp innan hverrar vatnasvæðanefndar til að samræma framkvæmd vinnunnar. Áætlað er að fyrsta vatnaáætlun Íslands taki gildi í byrjun árs 2022.

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir að sveitarfélagið Dalvíkurbyggð tilnefni fulltrúa náttúru- eða umhverfisnefndar sveitarfélagsins í vatnasvæðanefnd með tilvísan í 6. gr. reglugerðar um stjórn vatnamála. Í samræmi við þá grein skipar Umhverfisstofnun fulltrúa í vatnasvæðisnefnd eftir tilnefningum auk þess að skipa eigin fulltrúa. Þar sem mörk vatnasvæðanefnda geta náð yfir fleiri en eitt sveitarfélag þá er sveitarfélögum heimilt að sameinast um fulltrúa í vatnasvæðisnefnd.

Óskað er eftir að tilnefningin berist ekki síðar en 14. janúar 2019 ásamt heimilisfangi og netfangi viðkomandi.



Umhverfisstofnun vekur athygli á 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeiri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Forstjóri Umhverfisstofnunar skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Tilnefningaraðilar bera kostnað af setu fulltrúa sinna í nefndinni.

Virðingarfyllst

Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Verkefnastjóri



